



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 640

Þórhallur Ólafsson

(1891-1956)

smjörgerðarmaður

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 640

Þórhallur Ólafsson

Formáli

Þórhallur Ólafsson, smjörlíkisgerðarmaður var fæddur 28. september 1881. Foreldrar hans voru þau Helga A. Einarsdóttir og Ólafur Ólafsson, prentari, fæddur 3. júní 1856.

Þórhallur giftist, 1923, Sigríði Bjarnadóttur fædd 8. október 1889, látin 18. mars 1951. Þau bjuggu í Reykjavík að Þorfinnsgötu 16. Börn þeirra voru þau: Jarprúður Þórhallsdóttir Maack, húsmóðir, fædd 8. maí 1920 og Rúnar R. Þórhallsen, sjómaður, fæddur 16. janúar 1937, látinn 30. júní 2012.

Þórhallur var fyrsti íslenski, lærði smjörlíkisgerðarmaðurinn og starfaði hjá Gísla Guðmundssyni gerlafræðingi sem stofnaði Smjörlíkisgerðina Smára í húsi Sláturfélags Suðurlands við Skúlagötu í Reykjavík árið 1919, ásamt Ragnari Jónssyni. Smjörlíkisgerðin var flutt 1920 að Veghúsastíg 5 í Reykjavík. Ragnar eignaðist síðar smjörlíkisgerðina að hálfu og síðar bókaútgáfuna Helgafell, sem Þórhallur vann við seinustu árin. Þórhallur Ólafsson lést 1. janúar 1956. (Heimild: Pétur A. Maack, 2018).

Afhending: Þórhallur Maack afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjalasafn Þórhalls Ólafssonar, 20. september 2018.

Innihald: Bréf, vottorð, ljóð og vísur, *Uppskrift að smjörinu*, kvittanir, ljósmyndir o.fl.

Tímabil: 1903-1955.

Magn: 1 askja.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn, prentað mál 1903-1955.

Örk 1

Hjónavígslubréf Þórhalls Ólafssonar og Sigríðar Bjarnadóttur, 29. mars 1923.
Endurbólusetningarvottorð Sigríðar Bjarnadóttur, 27. maí 1903.
Fæðingar-, skírnar-, feringar- og bólusetningarvottorð Sigríðar Bjarnadóttur, 21. mars 1918.
Bréf til Þórhalls Ólafssonar frá Oscar (Óskar) bróður hans, 7. desember 1925.
Kort til Þórhalls Ólafssonar frá Einari?, 11. desember 1921.
Frederiksborg Højskole. Staðfesting á að Þórhallur Ólafsson hafi stundað nám í skólanum veturinn 1906-1907, 12. september 1908.
Hið íslenska garðyrkjunfélag gerir Þórhall Ólafsson að ævifélaga, 2. ágúst 1920.
Smjörlikisgerðin h/f þakkar Þórhalli Ólafssyni fyrir 25 ára starf, 14. janúar 1944.
Blaðaúrklippa. *Þórhallur Ólafsson sextugur*, 27. september 1941.
Bréf til Ólafs Ólafssonar frá Oscari (Óskar) syni hans og ljósmynd, 1. febrúar 1925.
Minningargrein um Ólaf Ólafsson prentara, 18. mars 1925.
I.O.O.F á Íslandi (Oddfellow). Jólakort frá Gísla Guðmundssyni, án árs.
Kvittun Þórhallar Ólafssonar vegna greiðslu til Sumargjafar, nóvember og desember 1950.
Bréf frá Páli Péturssyni þar sem hann óskar eftir að gerast meðlimur í hlutafélagi sem auðveldar ungu fólki að eignast eigin íbúðir, 9. ágúst 1955.
Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f. Bifreiðatrygging Eggerts Konráðssonar, 17. ágúst 1955.
Mád ljósmynd eða filma af manni, án árs.
Útsvarskvittun Þórhalls Ólafssonar, 31. maí 1951.
Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f. Brunatryggingarkvittun Þórhalls Ólafssonar, 1950-1951.
Útsvarskvittun Þórhalls Ólafssonar, 31. október 1951.
Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f. Brunatryggingarkvittun Þórhalls Ólafssonar, 1953-1954.
Minnisblöð, minningargreinar, umslög o.fl.

Örk 2

Ljóð og vísur eftir Þórhall Ólafsson, 1903-1940.
Vísur ómerktar, líklega eftir Þórhall Ólafsson, 1948 og án árs.
Ljóð og vísur. Merkt hlustandi og Guðmundur Guðmundsson, án árs.

Stílabók merkt Þórhallur Ólafsson. *Nokkur kvæði og vísur*, 1910-1921.
Stílabók með vísum líklega eftir Þórhall Ólafsson, án árs, fjórar bækur.
Minningabók Þórhalls Ólafssonar frá Frederiksborg Højskole, 1906-1907.
Smjörlíki. Uppskrift um hvernig á að gera smjörlíki úr jurtafeiti, stílabók, án árs.
Heimilisfangabók.
Viðtal við Gils Guðmundsson, bók, án árs. Í henni er afmælisgrein um Magnús Einarsson 1924 og tvær ómerktar ljósmyndir.

Prentað mál

Rabindranath Tagore. *Chitra*, bók, 1915.
Jón S. Bergmann. *Ferskeytlur og farmannsljóð*, 1949.

Skráð í nóvember 2018
Gréta Björg Sörensdóttir